

## ✉ Hundar Klambratún

Búið til	26.10.2022 11:37:34
Höfundur	Árný Sigurðardóttir
Móttekið dags.	19.10.2022 12:33:47
Tilheyrir	HER22010002 - 2022-Fundur Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur

### Efni

Hundar Klambratún

### Upplýsingar

### Vinnsla

Móttekið dags.	19.10.2022 12:33:47	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	00.00 Yfirstjórn og stjórnsýsla – a lmennt efni		
Lykilorð	fundir, fundargerðir		

### Þátttakendur

Frá	Porkell Heiðarsson (Thorkell.Heidarsson@reykjavik.is)
Til	arny.sigurdardottir@reykjavik.is, rosa.magnusdottir@reykjavik.is

### Innihald

Sælar

Var að spá í eftirfarandi erindi á Heilbrigðisnefnd:

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur  
B.t. Árnýjar Sigurðardóttur

Dýraþjónusta Reykjavíkur óskar eftir því að lausaganga hunda verði leyfð á afmörkuðu svæði á Klambratúni, tímabundið í samræmi við heimild í 10. grein hundasamþykktar Reykjavíkur (355/2022). Á svæðinu hafa eigendur hunda lengi komið saman með hunda sína og óskað hefur verið eftir því við Dýraþjónustuna að lausaganga verði þar heimiluð, í það minnsta á afmörkuðum tímum. Tillaga dýraþjónustunnar er sú að lausaganga verði heimiluð fyrir skráða, og þar með ábyrgðartryggða hunda, á umræddu svæði til reynslu í eit t ár á milli kl. 08-12 alla daga vikunnar. Dýraþjónustan mun á þessum tíma hafa sérstakt eftirlit með svæðinu og annast nauðsynlegar merkingar og upplýsingagjöf þar í samráði við deild umhverfisgæða á USK.

Virðingarfyllt

Porkell Heiðarsson - Deildarstjóri  
Dýraþjónusta Reykjavíkur

Þetta er nokkuð sem FÁH ofl. hafa verið að kalla eftir.

bkv

Porkell Heiðarsson Msc  
Deildarstjóri Dýraþjónustu og húsdýragarðs  
822-7808



Heilbrigðisnefnd

Reykjavík 31. mars 2023  
HER22010002

***Tillaga Dýraþjónustu Reykjavíkur um lausagöngusvæði á Klambratúni – Umsögn.***

Vísað er í fund heilbrigðisnefndar frá 10. nóv. 2022 þar sem óskað var eftir umsögn skrifstofu umhverfisgæða um erindi Dýraþjónustu Reykjavíkur þar sem óskað er eftir að lausaganga hunda verði leyfð á afmörkuðu svæði á Klambratúni.

Í erindi Dýraþjónustunnar er lögð áhersla á að slíkt leyfi gildi einungis fyrir skráða og þar með ábyrgðartryggða hunda og að leyfi verði veitt til reynslu. Dýraþjónustan myndi hafa sérstakt eftirlit og annast nauðsynlegar merkingar og upplýsingagjöf væntanlega í samráði við USK og HER.

Vitað er að hópur hundaeigenda í nágrenninu hefur vanið komu sínar á Klambratún í allnokkur ár. Hópurinn hittist á laugardags- og sunnudagsmorgnum í skálinni í NA hluta garðsins og er kannski í klukkutíma. Skrifstofu umhverfisgæða hefur ekki borist til eyrna að kvartað hafi verið vegna þessa. Vegna lögunar svæðisins skapast rými þó það sé ekki afgirt.

Skrifstofa umhverfisgæða leggur til að heilbrigðisnefnd samþykki tímabundið tilraunaverkefni þar sem lausaganga yrði leyfð á laugardags- og sunnudagsmorgnum 9-11 fyrir skráða hunda.

Mikilvægt er að haft sé eftirlit eins og Dýraþjónustan leggur til og að svæðið sé merkt og upplýst sé að um tilraunaverkefni sé að ræða. Gerði verði samantekt á hvernig til tókst að tilraunátímanum loknum.

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Borgartúni 12

105 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2023

**Umsögn um erindi Dýraþjónustu Reykjavíkur þar sem óskað er eftir að lausaganga hunda verði leyfð tímabundið á afmörkuðu svæði á Klambratúni**

Vísað er til erindis Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR), dags. 19. október s.l., sem lagt var fram á 134. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 10. nóvember s.l. og vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER).

Eftirfarandi er umsögn HER

HER gerir ekki athugasemdir við að tilraunaverkefni sem DÝR óskar eftir með lausagöngu hunda, á afmörkuðu svæði í norðvestur horni Klambratúns í svokallaðri skál með eftirfarandi skilyrðum. Verkefnið er í samræmi við 10. gr samþykktar um hundahald í Reykjavíkurborg,

Verkefnið verði tímabundið í 5 mánuði á tímabilinu 1. maí til 1. október 2023. Lausaganga hunda verði aðeins leyfileg á svæðinu á laugardögum og sunnudögum milli kl. 9.00 og 10.30. Eingöngu verði leyfilegt að skráðir og tryggðir hundar taki þátt í verkefninu. DÝR beri ábyrgð á verkefninu og starfmaður frá DÝR verði á staðnum á þeim tíma sem lausaganga er leyfileg og hafi eftirlit með henni, fylgist með því að aðeins skráðir og tryggðir hundar séu á svæðinu og að svæðið sé hreint eftir hvern atburð. Þegar verkefninu lýkur skal DÝR taka saman greinargerð þar sem lagt er mat á verkefnið, kosti þess og galla.

Komi í ljós annmarkar eða atvik sem að mati heilbrigðisnefndar skapa hættu eða eru þess eðlis að ekki er talið réttlætánlegt að halda verkefninu áfram skal því hætt án tafar.

Rósa Magnúsdóttir

deildarstjóri Umhverfiseftirlits